



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Bakkaborg

2021 – 2022



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
Greinargerð leikskólastjóra	3
1 Innra mat	4
1.1 Bakki, ungbarnadeild	4
1.2 Álfhóll	7
1.3 Dvergasteinn.....	9
1.4 Trölladyngja	14
1.5 Skessuból	16
2 Innra mat sérkennslu.....	20
3 Innra mat – fjöltyngd börn	21
4 Starfspróunarsamtöl og fræðsla	23
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	23
6 Foreldrasamvinna	23
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	24
8 Fylgigögn.....	25
8.1 Fylgiskjal - Umsögn foreldraráðs	25



Leiðarljós leikskólans

Leiðarljós leikskólans: Gleði, vinátta og virðing.

Greinargerð leikskólastjóra

Það er margt ánægjulegt að gerast hér hjá okkur á Bakkaborg.

-Það hefur gengið vel hjá okkur að fylgja eftir starfsáætlun síðasta árs eins og fram kemur hér á eftir.

- Kennurum við leikskólann hefur fjölgað. Með fjölgun kennara var ákveðið að hafa fagfundi tvisvar í mánuði þar sem eingöngu sitja kennaramenntaðir starfsmenn. Við lögðum af stað með hugmynd að breyttu skipulagi þannig að áhugasvið hvers og eins starfsmanns nýtist betur.

-Ákveðið var að gera breytingar á tímalínunni sem deildirnar hafa unnið eftir. Farið verður að vinna eftir mánaðarlegum þemum. Von okkar er sú að með þemavinnu dýpki nám barnanna þegar þau vinna með sama viðfangsefnið allan mánuðinn. Kennarar tóku saman safn af bókum, lögum, þulum og verkefnum fyrir hvert þema sem hópstjórar geta valið úr. Hver kennari og barnahópur er mismunandi og með því að hafa slíkt val er auðveldara að koma til móts við áhuga þeirra og þannig auka ánægju og virka þátttöku í skipulögðu starfi skólans.

Nýrri tímalínu var skilað til okkar stjórnenda 18. júní en frá því að verkefnið hófst þá hafa hugmyndir verið bornar undir deildastjóra sem ekki eru með kennaramenntun. Við erum í þeirri skrítnu stöðu að þrátt fyrir fjölda kennara þá erum við með þrjá frábæra deildastjóra sem eru með aðra menntun en kennaramenntun. Þannig að hugmyndirnar enda á samþykki frá þeim og okkur stjórnendum.

-Nokkrir starfsmenn luku fagnámskeiði og stefna á leikskólaliðanám á næsta ári.

-Lagt var upp með að fækka leikefni, leikefni var skipt upp á ákveðna vikudaga þannig að ekki var sama leikefni í boði hvern dag.

-Við samræmdum og einfölduðum skráningar og matsþáttum var fækkað.

-Við auglýstum eftir verkefnastjóra fjölmenningar þar sem fjöldi barna af erlendum uppruna er um 50% barna á leikskólanum. Verkefnastjóri mun samræma vinnubrögð, halda utan um allt mat og samskipti við stofnanir sem koma að þessum málum.

-Þróunarverkefnið okkar „Ég get“ og „Það þarf þorp“ styðja vel við Menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.



1 Innra mat

1.1 Bakki, ungbarnadeild

Tenging við nærsamfélagið og nærumhverfið: Stefnt var að því að auka tengsl barna við nærumhverfið með því að leyfa einu barni á dag að ná í ávexti upp í eldhús á morgnana með kennara.

Þetta gekk mjög vel í nokkrar vikur þar til samkomutakmarkanir vegna COVID - 19 voru hertar og þá þurfti að taka hlé. Í lok maí höfðu ekki öll börnin fengið að sækja ávexti og við höldum áfram fram að sumarfríi. Markmiðið var að hvert barn færi fimm sinnum í eldhúsið.

- **Styrkleikar:** Þau börn sem hafa farið hafa verið mjög spennt fyrir því og sumir þurft að æfa sig í hugrekki. Augljós betri tengsl við nærsamfélag og umhverfi.
- **Tækifæri til umbóta:** Við vorum ekki nógu dugleg að taka myndir fyrir skráningu og Book creator, bætum það næsta vetur. Núna í vetur fór barn fimm daga í röð, í endurmati kom hugmynd að þau færu 3 daga og við færum þá tvo hringi á nafnalistanum. Gerum það næsta vetur.

Sjálfs hjálpar: Stefnt var að því að æfa börnin að klæða sig, með áherslu á að þau gætu klætt sig í húfu, vettlinga og stígvél.

Ekki náðist að festa þennan lið í sessi í hópastarfi í öllum hópum og verður það áskorun fyrir næsta vetur. Elstu krakkarnir eru orðin nokkuð sjálfbjarga í fataklefanum, sérstaklega að klæða sig úr.

- **Styrkleikar:** Flest börnin geta nú klætt sig í húfu og stígvél, nokkur í vettlinga. Í endurmatinu í janúar hafði þetta gengið vel í tveimur hópum.
- **Tækifæri til umbóta:** Það vill brenna við að starfsfólkið flýti sér í fataklefanum til að hleypa næsta hópi að. Við ætlum að vera afslappaðri í fataklefa, útbúa búningakassa í miðrými til að leika með útfatnað og setja þennan lið fast inn í stundaskrá. Útbúa þarf skráningarblað til að betur sé hægt að endurmeta.



Málörvun: Stefnt var að því að efla samskiptafærni og auka orðaforða með því að vinna markvisst með Gefðu 10 og vinna með myndakippu sem er borin um hálsinn.

Á haustmisseri vorum við ekki nógu dugleg að Gefa 10! og þegar það var gert gleymdist jafnvel að skrá það. Það breyttist mikið á vormisseri, þá var einn ábyrgðarmaður yfir verkefninu sem sá um skráningarblaðið og minnti starfsmenn á ef ekki var búið að merkja við. Gefðu 10! nýtist nú vel ásamt öðrum málörvunarverkefnum.

Myndakippan var ekki notuð nema í upphafi þegar börnin voru í aðlögun. Það kom í ljós að hún er ekki nógu hagnýt í leikskólastarfi með þessum aldurshópi, hún þvældist mikið fyrir í starfi og umönnun. Við útbjuggum nokkuð nákvæma myndræna stundatöflu sem er aðgengileg í miðrými sem kom í stað myndakippunnar.



- Styrkleikar: Gefðu 10 var vel notað eftir áramót og höfum við „útskrifað“ einn nemanda þar sem hann var búinn að ná viðmiðunarmarkmiðum. Við höfum trú á að þetta beri árangur þó erfitt sé að mæla árangurinn því málörvun fer fram svo víða í starfinu. Þau börn sem eru sein til í málþroska eru í forgangi að fá Gefðu 10! Myndræna stundataflan veitir tvítyngdum börnum öryggi og hvetur til umræðu um myndirnar.
- Tækifæri til umbóta: Sum börn fengu meira 10 en önnur. Hægt að bæta með því að taka saman reglulega (t.d. 2. hverja viku) hverjir fengu mest og hverjir minnst og leggja áherslu á að allir gefi meira til þeirra sem fengu minnst. Næsta vetur verður sérstaklega farið yfir þetta á deildarfundum aðra hverja viku.

Myndakippan var ekkert notuð. Myndrænt skipulag var sett upp á vegg í miðrými en ekki nógu mikið notað. Farið verður í hugmyndavinnu fyrir næsta vetur um úrbætur á þessu sviði.

Sjálfsefning: Stefnt var að því að koma til móts við áhugasvið barnanna með því að bjóða upp á markvisst val eftir lúr.

Nokkrar áskoranir komu upp í þessum námsþætti. COVID– 19 takmarkaði framboð á leikföngum og tókum við valið út í stífastu sóttvarnartímabilunum. Stundum var erfitt að bjóða upp á valið eftir lúrin þar sem vantaði starfsmann í annað valið. Það kom einnig í ljós að sumir misstu alveg að valinu þar sem þau sofa lengi.



- Styrkleikar: Byrjað var með einungis tvennt í vali hvern dag. Það var hæfilegur fjöldi því í fyrstu voru börnin óviss með hvernig átti að velja. Þau lærðu flest fljótt á valkerfið. Valið jók fjölbreytnina á verkefnum.
- Tækifæri til umbóta: Færa þarf tímasetningu valsins til að tryggja nægan fjölda starfsmanna og til að öll börn fái tækiværi til að velja. Hentugasti tíminn er fyrir hádegi.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Tenging við nærsamfélagið og nærumhverfið	Að hverju er stefnt? Barn ná í ávexti upp í eldhús á morgnana	Hvernig framkvæmum við það? Útúum eyðublað með skipulaginu, nöfn barnanna	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir Sá starfsmaður sem sér um frágang í eldhúsi á morgnana	Sept 2021	Maí 2022	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum) Skráning á eyðublað, myndir og texti í Book creator Endurmat: janúar 2022 Maí 2022	Öll börn hafi farið í stóra húsið fjóra daga bæði á haust og vorönn og þekki sig til þar
Sjálfsbjálþ	Æfing að klæða sig sjálf	Í hópstarfi og í fataklefa leikum við okkur með fatnað, að klæða sig í	Hópstjóri í miðrými	Haut 2021	Maí 2022	Með skráningu í eyðublað, myndum og orðum Endurmetið í des 2021	Börn geti klætt sig í húfu, vettlinga og stígvél
Málörvun	Að efla samskipta- hæfni og auka orðaforða	Vinum markvisst með Gefðu 10! Vinnum með sjónrænt dagskipulag	Allir starfsmenn	Sept 2021	Maí 2022	Dagleg skráning á eyðublað Markviss skráning á orðaforða Endurmat: des 2021 og maí 2022	Að barn hafi náð viðmiðum í málþroska við 2ja ára aldur
Sjálfsfelling	Koma til móts við áhugasvið barna	Bjóða upp á markvisst val	Hópstjóri	Jan 2022	Maí 2022	Skráningarblað með nafni, dagsetningu og hvað varð fyrir valinu. Mánaðarleg samantekt Endurmat í mars 2022 og maí 2022	Að öll börn hafi fengið tækifæri til að velja verkefni



1.2 Álfhóll

Skólaárið 2020 - 2021 var nær eingöngu aðlögun á milli deilda þar sem við fengum fá ný börn.

Öryggi: Við höldum áfram með það skipulag að hópstjórar voru með sína hópa fram að hvíld.

- Styrkleikar: Það veitti bæði börnum og starfsfólki öryggi. Deildarstjóri tók hópastarf og matarborð hjá þeim kennara sem var í undirbúningi, með því móti var deildarstjóri einu sinni í viku með alla hópa. Það gerði það að verkum að deildastjóri kynntist öllum börnum í gegnum daglegt starf.

Endurmat frá starfsáætlun 2020-2021

Sjálfs hjálp: Börnin ganga sjálf frá eftir matmálstíma.

Markmiðið var að efla sjálfstæði og sjálfs hjálp. Það gekk vel, þau sem voru lengi að tileinka sér verklagið fengu hvatningu frá starfsfólki.

- Styrkleikar: Börnin voru áhugasöm, starfsfólk jákvætt og hvetjandi.

Sjálfs traust: Að börnin geti staðið fyrir framan hópinn sinn.

Markmiðið var að efla sjálfsöryggi. Það gekk misvel eftir hópum, bæði að starfsfólk tileinkuðu sér það og að börnin tækju þátt.

- Styrkleikar: Börnin eru öruggari að standa fyrir framan aðra og tjá sig með orðum eða söng.

Málörvun í fataklefa: Fyrri markmiðið var að börnin lærðu heiti yfir fatnað og athafnir. Það gekk vel, kennarar lögðu orð á athafnir, þannig lærðu börnin. Seinna markmiðið var að börnin biðji um aðstoð með orðum. Það jókst aðeins í vetur að börnin gátu notað orð til að biðja um aðstoð.

- Styrkleiki: Það er einn hópur í fataklefanum í einu og starfsfólki er orðið tamt að leggja orð á athafnir og fatnað. Starfsfólk er til staðar og hjálpar börnunum að finna orð til að segja og aðstoðar þau.

Endurmat á öðru starfi

Leikur að læra: Allir hópar fóru einu sinni í viku í Leikur að læra, þar læra börnin í gegnum leik, t.d. stafinn sinn, liti, tölur, form og hugtök. Eftir hverja þraut er hreyfing.

- Styrkleikar: Börnin eru mjög áhugasöm, læra að fara eftir reglum, stjórnandinn er jákvæður og hvetur börnin til þátttöku.



Vettvangsferðir: Allir á deildinni fara einu sinni í viku í vettvangsferð. Við gerðum hlé yfir dimmustu mánuðina.

- Styrkleikar: Börnin eru áhugasöm, þekkja nærumhverfi leikskólans, virða reglur og starfsfólk. Börnin læra að ganga saman í hóp, starfsfólk er jákvætt.



Listasmiðja: Allir hópar fara einu sinni í viku í listasmiðju, þar er boðið upp á mismunandi verkefni.

- Styrkleikar: Börnin fá útrás fyrir sköpunargleði og kynnast mismunandi efnivið þar sem börn og starfsmenn eru áhugasöm.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir	Sep-tember 2021	Júní 2022	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum) Skráning, safna gögnum: Myndir, skrá niður orð og setningar ásamt atferli barnanna. Deildafundur sept. 2021 - maí 2022	Að börnin þekki tilfinningar: Gleði, leiður, reiður, hissa
Tilfinninga-læsi Vináttu-verkefni Barnaheilla Blær bangsi	Að kynna börnin fyrir tilfinningum Að efla samkennd	Hópastarf/stundir til að vinna verkefni sem efla tilfinningaþroska Myndræn gögn til staðar	Deilda- stjóri, allt starfsfólk				
Sjálfsefning	Að börnin geti staðið fyrir framan hóp	Hópastarf/samverustundir	Allt starfsfólk, deildastjóri	Sept 2021	Maí 2022	Skráning safna gögnum: Skráning í orðum upptökur. Deildafundur des 2021 maí 2022	Að börnin geti staðið örugg fyrir framan hóp
Félagsfærni Verkfæra-kistan KVAN	Að börnin geti tekið þátt í hóp-leikjum	Hópastarf/samverustundir Nota KVAN kennslustundir	Allir starfsmenn, deildarstjóri	Sept. 2021	Júlí 2022	Skráning safna gögnum: Nota KVAN styrkleika-skráningu, endurmat des 2021 og maí 2022	Að börnin taki þátt í hóp-leikjum sér til ánægju


1.3 Dvergasteinn

Skólaárið 2020- 2021 gekk vel. Í ágúst 2020 færðist börn og starfsfólk á milli deilda. Gekk aðlögunin vel. Fjórir starfsmenn voru í 100% starfi. Auk þess var stuðningur á deildinni.

Leikur að læra: Við fléttuðum Leikur að læra inn í tímalínuna, það gekk mjög vel. Þá vorum við með foreldraverkefni um tíma en vegna COVID - 19 var ekki hægt að láta það ganga í vetur.

- Styrkleikar: Börnin gerðu sögur í genum leikur að læra. Einnig var því fléttað inn í Lubbastundirnar. Þannig voru börnin að hreyfa sig í stað þess að sitja kyrr á meðan verið var að vinna. Það var auðveldara að halda einbeitingu og athygli þeirra með því að vera í leik og hreyfa sig.





Málörvun: Mikil áhersla er lögð á málörvun. Farið í Lubba, Sögugrunn, farið með þulur og sungið og sama bókina lesin í viku, bók vikunnar, og unnið með orð úr sögunni.

Bók vikunnar

- Styrkleikar: Tekið er orð úr bókinni og útskýrt hvað það þýðir. Þetta gekk mjög vel og voru börnin dugleg að hlusta á sögurnar og lærðu ýmis ný orð. Einnig sungum við mikið og fórum með þulur og tóku börnin virkan þátt í því.

Lubbi finnur málbein sem hljóðainnlögn íslensku stafanna:

- Styrkleikar: Börnin voru áhugasöm og yfirfærðu stundirnar í daglegt starf, sungu lögin, lærðu táknið sem fylgja hljóðunum. Þau lærðu hvaða hljóð er fyrst í ýmsum orðum og einnig á hvaða hljóði nöfnin þeirra byrja og nöfn annarra barna. Einnig voru þau dugleg að ríma.



Sögugrunnur

- **Styrkleikar:** Börnin voru áhugasöm og virk. Tóku virkan þátt í að búa til sögur og segja söguna yfir hópinn. Þetta var lagt inn í gegnum Leikur að læra. Myndum var raðað á gólfíð í húllahringi og börnin gengu á milli, völdu myndir, bjuggu til sögu og sögðu hinum.



Sjálfsbjál: Eitt af þeim atriðum sem við leggjum áherslu á er klósettbjálfun og að börnin hætti með bleyju. Einnig að börnin geti valið sér viðfangsefni og gengið frá þegar hætt er að leika. Við hvetjum börnin til að klæða sig sjálf og ganga frá eftir sig. Einnig að þau taki þátt í að gera klárt fyrir matinn, gangi frá eftir sig og aðstoða við frágang. Við viljum að þau geti valið sér verkefni út frá áhugasviði og höfum því valtíma. Svo er börnunum úthlutað verkefnum: veðurfræðingur, umsjónamaður í matartíma, klósettörður, bókavörður, leikfangavörður, umsjónarmaður í garði.

- **Styrkleikar:** Nánast öll börn eru hætt með bleyju og meta sjálf hvenær þau þurfa að fara á klósettið. Börnin æfa sig í að klæða sig að mestu leiti sjálf og ganga frá eftir sig. Vegna COVID-19 hafa foreldrar ekki mikið fengið að koma inn á leikskólann þannig að börnin klæddu sig sjálf úr á morgnana þegar þau mættu og gengu frá. Börnin hafa verið duglega að ganga frá


eftir matinn og haft mikinn áhuga á að fá að aðstoða við að sópa gólfíð og þrifa borðin eftir matatímana. Valtímarnir voru stuttan tíma í haust þegar það mátti vegna COVID-19 og gekk það vel. Annars gátu börnin bara valið sér viðfangsefni eftir því sem var í boði þann daginn og verið flest dugleg að ganga frá.

Félagsfærni: Unnið er eftir hugmyndafræði Uppeldi til ábyrgðar. Þar er lögð áhersla á að börnin læri að bera ábyrgð á sinni hegðun og geti sett sig í spor annarra. Viti hvað grunnþarfir við höfum og hvaða þarfir við þurfum að uppfylla til að okkur líði vel.

- Styrkleikar: Börnin lærðu að til að okkur líði vel þurfum við að vera örugg, finna að við erum elskuð, það er gaman að við fáum frelsi og við getum. Þegar þetta er allt fyrir hendi líður okkur vel.

Stig af stigi: Notuð eru tilfinningaspjöld sem kenna börnum að lesa skilja og lesa í tilfinningar sínar og annarra.

- Styrkleikar: Börnin lærðu að við höfum ýmsar tilfinningar og ekki hafa allir sömu tilfinningar. Við erum ekki öll alveg eins og það er allt í lagi. Börnunum gekk vel að setja sig í spor annarra og lesa í tilfinningar þeirra. Þau sýndu umhyggju meðal annars með því að hugga hvert annað.



UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Verkfærakistan KVAN	Kenna og styrkja góða vináttu	Að fara í leiki sem kenna börnum að leika saman (samvinna)	Allir	ágúst	júní	Nota KVAN verkefnin, styrkleikaskráningu og plús og mínus skráningu	Að börnin finni hvað góð vinátta skiptir miklu máli.
Blær Tilfinningalæsi Vináttuverkefni Barnaheillar Blær bangsi	Tilfinningalæsi Að kynna börnin fyrir tilfinningum Að efla samkennd	Læra að tjá og skilja tilfinningar sínar og annarra Hópastarf/stundir til að vinna verkefni sem efla tilfinningaþroska Myndræn gögn til staðar	Allir í Blær stundum og í aðstæðum sem upp koma	ágúst	júní	Nota Blær verkefnin og bangsann. Skráningar og deildafundir Skráning, safna gögnum: Myndir, skrá niður orð, setningar, ásamt atferli barnanna. Deildafundur des 2021 og maí 2022	Að börnin þekki tilfinningar sínar og annarra
Íþróttir	Styrkja hreyfifærni	Börnin fara í skipulagða íþróttatíma og fá betra vald á grófhreyfingum og úthaldi.	Rimas	ágúst	Júní	Ýmsar æfingar sem styrkja kraft, úthald og hreyfifærni.	Að börnin séu leiknari og með betri hreyfifærni
Barnasáttmálinn	Að börn viti sinn rétt og skilji að þau skipta máli	Ræða um barnasáttmálan	Allir	Allt árið		Að börnin geri sér grein fyrir að þeirra tilfinningar og liðan skipta máli. Þau hafa	Það hafa allir rétt.



		og vinna verkefni upp úr honum				rétt á að hafa skoðanir	
--	--	-----------------------------------	--	--	--	----------------------------	--

1.4 Trölladyngja

Á þessu skólaári (2020-2021) byrjuðu á Trölladyngju 24 börn fædd árið 2016 en fjölgaði um fjögur í desember. Á liðnu skólaári hafa tvö börn hætt hjá okkur. 17 börn voru tvítyngd. Tvö börn komu í þátttökuaðlögun og gekk hún vel. Fimm starfsmenn unnu á deildinni. Börnunum var skipt í fjóra hópa í hópastarfi og lögð var áhersla á félagsfærni og sjálfseflingu. Auk þess var unnið með vináttu, virðingu og góð samskipti við hvort annað. Um miðjan febrúar var farið af stað með þróunarverkefni á Trölladyngju þar sem að kennararnir fóru á milli hópa, þannig störfuðu þeir náið með öllum börnum deildarinnar. Þannig jukust samskiptin við hvert barn og styrkleikar hvers og eins starfsmanns fengu að njóta sín betur.

Félagsfærni: Eftir hádegi eru þrjú innisvæði og eitt útisvæði þar sem börnin geta valið leikföng og verið í frjálsum leik. Börnin eru hvött til að bera ábyrgð og standa við ákvörðun sína en hafa tækifæri til að breyta þegar áhugi og löngun á völdu verkefni hefur dalað. Börnunum er kennt að sýna virðingu, til dæmis með því að hlusta á aðra, taka tillit til annarra og leysa úr ágreiningi sjálf.

• **Styrkleikar:** Tilfinningalæsi var kennt í gegnum Stig af stigi einu sinni í viku. Kennarar voru góðar fyrirmyndir í samskiptum og sýndu börnunum virðingu og virtu skoðanir þeirra. Börn þurfa að finna að skoðanir þeirra og tilfinningar skipta miklu máli. Samskipti starfsfólks og barna hafa aukist með tilkomu þróunarverkefnisins, börnin eru öruggari á deildinni þar sem þau kynnast hverjum og einum kennara enn betur.

Sjálfshjálp: Við stuðlum að sjálfstæði barnanna í daglegum athöfnum með því að efla þau til sjálfshjálpar t.d. í matartímum, fataklefa og á salerni. Innan þessa námsþáttar eru verkefni eins og að klæða sig, vera umsjónarmaður eða veðurfræðingur. Ef þau hella niður vita þau að þau þurfa að ná í pappír og þurrka sjálf upp bleytuna. Krakkarnir fá að velja leikföngin sem þau langar að leika með. Kennarar hvetja börnin til að reyna að gera athöfnina/verkefnið sjálf áður en þau biðja um aðstoð frá starfsmönnum eða frá hvoru öðru. Börnunum er leiðbeint á uppbyggilegan hátt, hrósað og gefinn góður tími.

- **Styrkleikar:** Börnin á Trölladyngju hafa fengið tækifæri til mikillar sjálfshjálpar sem gengur hefur mjög vel t.d. að klæða sig sjálf, ganga frá eftir matar- og kaffitíma, ásamt því að læra og þjálfast í almennri umgengni dagslegs starfs. Þetta hefur gengið mjög vel þar sem börnin hafa tileinkað sér góðri færni í sjálfshjálpar sem sést t.d. í fataklefa, frágangi og umgengni.

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímabil	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir		Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Félagsfærni	Að börn tjái sig með margvíslegum hætti í samskiptum við aðra. Þau kynnist tungumálinu og möguleikum þess. Hjálpa þeim að skilja aðra, greina tilfinningar sínar og annarra og eignast vini.	Með Vináttuverkefninu Blær. Verkfærakistu KVAN, Barnasáttmálanum og Uppeldi til ábyrgðar. Að leysa deilur með orðum og taka tillit til annarra. Frjáls leikur.	Allir starfsmenn deildar sjá um að framkvæma.	2021-2022.	Safna gögnum. Skráningarblað	Að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu.
Sjálfshjálpar	Að styrkja sjálfsmynd, sjálfsvirðingu, jákvæðni og sjálfsmat. Traust barna.	Að hrósa hvort öðru og hvetja börnin í að gera sjálf. Hvetja börnin að gera sjálf og stuðla að aðstæðum til samvinnu milli barnanna.	Allir starfsmenn deildar sjá um að framkvæma.	2021-2022.	Safna gögnum. Skráningarblað. Myndskráning	Mitt og þitt hlutverk. Barnið læri að þekkja styrkleika sína og veikleika. Byggja upp trú á eigin getu og hæfileikum.



1.5 Skessuból

Á þessu skólaári, 2020-2021, byrjuðu hjá okkur tveir árgangar, 22 börn fædd 2015 og 4 börn fædd 2016. 16 börn voru tvítyngd. Í þátttökuaðlögun voru 4 börn og gekk aðlögunin mjög vel. Í byrjun desember fóru fjögur börn fædd 2016 yfir á Trölladyngju. Starfsmenn deildarinnar hafa verið fimm ásamt stuðningi, smá mannabreytingar urðu eftir áramót. Deildarstarf hefur verið vel skipulagt, samstarf kennara hefur gengið mjög vel og sameiginlegt markmið okkar var að auka áherslu á sjálfsefningu og félagsfærni. Okkur á Skessubóli finnst mjög mikilvægt að öllum líði vel í leikskólanum og samskipti séu góð, að við sýnum hvort öðru virðingu og umhyggju.

Félagsfærni: Félagsfærni er mikilvægur og er stór partur af starfinu á okkar deild. Við leggjum áherslu á að kenna börnunum hvernig á að hlusta á aðra án þess að grípa fram í, hvernig á að deila með öðrum og skiptast á, hvernig við biðjum um hjálp og hvaða orð og líkamstjáningu á að nota sem endurspeglar kurteisi. Kennsluefnið Stig af stigi er notað einu sinni í viku þar sem börnunum er kennt að setja sig í spor annarra, að geta fyrirgefið og að leysa úr vanda. Samverustundir okkar byggjast mikið á samskiptum við börnin, þau eru hvött og aðstoðuð við að sýna hvort öðru virðingu og hrósa. Góð samskipti byggjast ekki bara á tali heldur er mjög mikilvægt að virkja hlustun sem er lykillinn að samskiptum við aðra. Við höldum áfram að vinna með öryggi, traust og vináttu inn á deild.

- **Styrkleikar:** Kennarar voru góðar fyrirmyndir í samskiptum, nálægir í leik, þannig að börnin fundu fyrir nánd þeirra. Þeim var kennt hvað var æskilegt og hvað óæskilegt. Samskipti okkar einkenndust af virðingu, jákvæðni, góðsemi, hjálpsemi og vináttu og börnin sáu það í daglegu starfi. Starfsfólkið sýndi áhuga á því sem barnið var að segja og var til staðar.

Unnið var með lífsleikni í hópunum. Við sýndum börnunum virðingu – virtum skoðanir þeirra. Við ræddum við börnin að maður þarf ekki að vera góður í öllu, það er allt í lagi. Sumir eru góðir í einu – aðrir í öðru. Skoðanir og áhugi barnanna var virtur.

Frjálsi leikurinn var í hávegum hafður og vinsælast var að byggja úr lego og öðru kubbaefni. Auk þess var mikið litað og teiknað.

Vegna COVID-19 höfðu börnin ekki frjálsan aðgang að leikefni deildarinnar. Því var skipt upp eftir dögum og að þeim efnivið höfðu börnin frjálsan aðgang.



Börnunum var skipt í þrjá hópá sem börnin völdu sjálf nafnið á með lýðræðislegri kosningu. Í hópunum var unnið markvisst með FÉLAGSFÆRNI, SJÁLFSEFLINGU OG TILFINNINGALÆSI.

- **Tækifæri til umbóta:** Starfsfólk nýtir sér styrkleika sína í hópstarfi og miðlar kennslu til allra barnanna. Kosturinn við þetta er að öll börnin fá það besta frá hverjum starfsmanni.



Sjálfsefling: Sjálfstæði barnanna var studd í daglegum athöfnum með hvatning til sjálfshjálpar t.d í borðhaldi, salerni, fataherbergi.

- **Styrkleikar:** Sjálfshjálp með leiðbeiningu starfsfólks við að vera þjónn, veðurfræðingur, afmælisbarn, klæða sig í og úr og ganga frá eftir mat.

Við notuðum kennslufnið Sögugrunn til að koma fram og tjá sig.

Við hrósuðum fyrir jákvæða hegðun og fyrir það sem vel var gert.

Frjálsi leikurinn er frábær leið til að taka eigin ákvörðun að velja sjálf og standa við það. Seinni hluta vetrar breyttum við vali þar sem börnin drógu um það svæði sem þau áttu að leika á. Breytingin var gerð til að styrkja börnin í leik við aðra en vini sína. Við leyfðum börnunum að taka þátt í að velja verkefni – taka ábyrgð á því sem þau voru að gera.



Gefðu 10: Starfsfólkið var meðvitað um mikilvægi þess að tala við þau börn sem þurfa málörvun sem og önnur á hverjum degi. Skráningin hefði mátt vera markvissari.

- **Tækifæri til umbóta:** Bæta skráningarnar og gera starfsmenn meðvitaðri um Gefðu 10. Vera til staðar í leik barnanna og skapa aukið samtal um það sem verið er að gera, fá barnið til að nota setningar með sífellt fleiri orðum í samskiptum. Fylgjast með barninu í leik og skrá niður og halda saman upplýsingum um það hvað var gert. Gera Gefðu 10 sýnilegra og fara reglulega yfir það til að fylgjast með málþroska barnanna.

Aðalmarkmið okkar er að útskrifa glöð og sjálfstæð börn sem eru félagslega sterk og víðsýn, eru þátttakendur í samfélaginu og að þau hafi áhrif á samfélagið sem þau búa í.

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Tímabil		Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar.	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Félagsfærni	Að börn kynnist tungumálinu og möguleikum þess, tjái sig með fjölbreyttum hætti og þrói læsi í viðum skilningi. Tjái tilfinningar sínar í samskiptum við aðra. Hjálpa þeim að skilja aðra og eignast vini. Að styrkja félagsleg tengsl.	Með vináttuverkefninu Blær. Verkfærakistu KVAN, Barnasáttmálanum og Uppeldi til ábyrgðar. Að vera læs á tilfinningar: læra um eigin þarfir, geta sett sig í spor annarra, leysa deilur með orðum og taka tillit til annarra.	Allir starfsmenn	Allt árið um kring		Myndskráning. Skráningar, mat barna	Að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu. Barnið er virkur þátttakandi í mótun þess samfélags sem það tilheyrir.
Sjálfsfelling	Að styrkja sjálfsmynd, sjálfvirðingu, jákvæðni og sjálfsmat. Traust barna.	Hrósum hvort öðru. Hvetja börnin að gera sjálf og vinna saman. Að fækka neikvæðum skilaboðum, að virkja innri hvata og frumkvæði. Borðhald og fataherbergi.	Allir starfsmenn deildar sjá um að framkvæma.	Allt árið		Myndskráning Skráningar Mat barna	Mitt og þitt hlutverk. Sterk sjálfsmynd og trú á eigin getu, barnið læri að þekkja styrkleika og veikleika sína.
Tilfinningalæsi	Uppbyggjandi samskipti milli starfsfólks og barna. Auka samskipti, og skapa rými til virkrar þátttöku.	Með vináttuverkefninu Blær, verkfærakistu KVAN, Barnasáttmálanum og Uppeldi til ábyrgðar. Að vera læs á tilfinningar: læra um eigin þarfir, geta sett sig í spor annarra, og taka tillit til annarra.	Allir starfsmenn deildarinnar	Allt árið		Myndaskráningar Mat barna Þarfahringurinn Verkfærakista KVAN.	Samræður milli starfsmanna og barna. Að starfsfólk nái að tileinka sér samræður á markvissan hátt. Uppeldi til ábyrgðar



2 Innra mat sérkennslu

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennsla í Bakkaborg er skipulögð þannig að leikskólinn mæti margbreytilegum hópi barna á jafnræðisgrundvelli með einstaklingsþarfir að leiðarljósi. Sérkennslan tekur mið af þörfum hvers og eins og er unnin í nánu samráði og samstarfi við foreldra. Í Bakkaborg er litið á sérkennslu sem eðlilegan hluta af öllu starfi í leikskólanum en ekki aðgreint úrræði. Það fer eftir stöðu og þörfum barnsins hvort þjálfun fari fram inni á deild eða í vinnustundarherbergi. Stundatafla var sett upp fyrir alla þá starfsmenn sem voru að sinna stuðningi og þar kom fram hvaða barn þau voru með hverju sinni. Í einstaklingskennslu voru notuð skráningarblöð frá GRR. Síðan voru notuð skráningarblöð úr LÆM.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.	TRAS, AEPS, EFI-2, Hljóm-2 og Íslenski málhljóðamælirinn.
Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Ýmis námsefni voru notuð eins og Orðagull, Tölum saman, ýmis skemmtileg spil frá ABC skólavörum, Numicon kubbar voru keyptir, Ljáðu mér eyra, Markviss málörvun o.fl. Í iPad notuðum við: Orðagull, Lærum og leikum með hljóðin, froskaleikinn, puppet pals og bitsboard.



Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Einstaklingsnámskrá	Unnið sé markvisst eftir einstaklingsnámskrá, hún sé lifandi vinnuplagg inn á deild	Sérkennslustjóri vinnur að einstaklingsnámskrá með stuðningsaðila í byrjun annar, kynnum námskrána fyrir allri deildinni á deildarfundi. Höfum markmiðin sýnileg og skráningarblöð eftir þeim.	Sérkennslustjóri ásamt stuðningsaðila	Sept. 2021	Apríl 2022	Endurmat gert eftir 3 mánuði og farið yfir skráningarblöð og hvort að einhverjum markmiðum hafi verið náð upp úr einstaklingsnámskránni.	Það hafi verið unnið á hverjum degi úr einstaklingsnámskrá og að einhver markmið sem sett hafa verið sé náð eða næstum því náð.

3 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Í september 2020 var skipulögð markviss málörvun fyrir öll börn sem eru fjöltyngd. Skipt var í hópana eftir deildum og innan hvernar deildar hafa verið þrjú til fimm börn í hverjum hópi. Markmið málörvunarhópanna er að leggja áherslu á almenna málörvun, auka orðaforða, æfa frásögn, æfa setningaskipan, hlustun og fara eftir fyrirmælum. Hver hópur er að jafnaði í 20 til 30 mínútur í senn.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Það er markviss vinna með daglegan orðaforða í öllu starfi, hópastarfi, matartíma, fataklefanum og í klósettþjálfun. Síðan er unnið með Gefðu 10 á öllum deildum, þar eru tekin fyrir 4-5 börn í einu og unnið með Gefðu 10 fyrir þau börn í 2 vikur. Síðan eru önnur 4-5 börn næstu 2 vikur.

Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Samverustundir eru notaðar til að dýpka orðaforða barnanna með því að lesa bækur. Síðan eru fjöltyngdu börnin einnig í sér leshópum þar sem er verið að vinna með að dýpka orðaforða þeirra, með lestri, spilum o.fl.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Það er fylgst með framförum með því að nota skráningarblöð úr bókinni Staða > Framfarir > Framhald bókinni. Þar eru skráningarblöð sem við notum. Síðan eru gerðar einstaklingsáætlanir fyrir þau allra slökustu.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já það er hugað að öllum þessum þáttum. Börnum er skipt upp í hópa eftir getu og þurfa sum börn að fá þjálfun maður á mann. Hugað er að styrkleikum og áhuga hvers og eins.

Umbótaáætlun – fjöltyngi

UMBÓTA ÞÁTTUR/ MATS- ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Hæfnir mmar	Nota hæfni- rammana sem viðmið fyrir hvaða kröfur við gerum til barnanna og hvaða markmið við getum sett.	Notum skráningar- blöð fyrir hæfni- rammana	Sérkennslu- stjóri ásamt einum ábyrgðar- manni á hverri deild.	Sept. 2021	Apríl 2022	Endurmat eftir 6 mánuði, safnað saman skráningar- blöðunum og farið yfir stöðuna.	Að skráningar- blöðin hafi verið notuð markvisst, kröfur aukist og mælanlegar framfarir hjá barninu.
Aukning orðafor- ða	Barnið auki orðaforða sinn.	Tekin grunnlína og unnið út frá henni. Fyllt í	Sérkennslu- stjóri ásamt sérkennara	Sept. 2021	Apríl 2022	Endurmat eftir 3 mánuði og farið yfir	Að barnið hafi aukið orðaforða sinn samkvæmt



		orðaskil. Unnið með orðaforða- íhlutun í vinnustund. Notað skráningar- blöð fyrir tímana.				gögn ásamt því að fylla aftur út í orðaskil.	mælanlegum gögnum.
--	--	---	--	--	--	---	-----------------------

4 Starfspróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri tóku örsamtöl í mars. Að þessu sinni náðist að taka alla starfsmenn í samtal. Allir starfsmenn fengu blað með spurningum til að undirbúa sig. Viðtölin voru tekin inná skrifstofu, þar sem miðað var við að hvert viðtal tæki um 15 mín.

Starfsmenn leikskólans sóttu fjölmörg námskeið t.d. TRAS, Leikur að læra, Atferlispjálfunarnámskeið, Skráninganámskeið, EFI – 2 málþroskapróf, Vináttuverkefni Blær, Gítarnámskeið, Fagnámskeið Eflingar, Uppeldi til ábyrgðar

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Líkt og árið áður var því miður var ekki mikil samvinna á milli þessara eininga á þessu skólaári vegna óviðráðanlegra orsaka. En þó fóru elstu börnin í íþróttir, skólaheimsóknir og Vorskóla í Breiðholtsskóla. Nemendur Breiðholtsskóla komu til okkar í Bakkaborgar í haustið 2020 en vor heimsóknin 2021 datt því miður niður.

6 Foreldrasamvinna

Venjan er að kjósa foreldraráð og -félag á foreldrafundi að hausti. Þetta árið voru fjórir foreldrar í foreldraráðinu en í foreldrafélaginu var eitt foreldri. Að þessu sinni var einn fjárfundur með foreldraráðinu en ekki var um skipulagðan fund með foreldrafélaginu en góð samvinna er þar á milli engu að síður.

Að þessu sinni var ekki formlegur foreldrafundur vegna aðstæðna í þjóðfélaginu.

Foreldraviðtöl voru með breyttu sniði eins og árið áður. Á haust- og vorönn var boðið uppá fjarviðtöl, bæði í gegnum síma og tölvu. Það var ánægjulegt hversu vel þetta tókst og lýstu margir foreldrar ánægju yfir þessu fyrirkomulagi.

7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

- Við vorum með fjóra starfsdaga skólaárið 2020 – 2021 þar sem meðal annars var farið í Uppeldi til ábyrgðar, hegðunarráðgjöf fengin, hlýddum á fyrirlestra frá stóra Menntadeginum og fleira.

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóladagatal 2021 - 2022

Nafn skóla: Leikskólinn Bakkaborg

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ
1 S	1 M	1 F Skipulagsdagur	1 M	1 M Almenn Bakkaborgar	1 L Nýlendadagur	1 Þ	1 Þ Sprengdagur	1 F	1 S Verkalýðdagurinn	1 M
2 M Frídagur verkalýðmanna	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 M Öskudagur	2 L	2 M	2 F
3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F	3 M Skipulagsdagur	3 F	3 F	3 S	3 Þ	3 F
4 M	4 L	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 F	4 M	4 M	4 L
5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 L	5 L	5 Þ Samanmenningaráttíð	5 F	5 S Hvílaumdagur
6 F	6 Þ Almúgum nýja barna	6 M	6 L	6 M	6 F Þrettándinn	6 S Dagur leikskólans	6 S	6 M Samanmenningaráttíð	6 F	6 M Annar í Hvílaumum
7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 M Skipulagsdagur	7 M	7 F Samanmenningaráttíð	7 L	7 Þ
8 S	8 Þ Dagur leikla	8 F	8 M Samfundadagur gegn einelti	8 M	8 L	8 Þ	8 Þ	8 F Samanmenningaráttíð	8 S	8 M Skólaárið í grunnskólum
9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F
10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 F	10 M	10 F	10 F	10 S Þálfaumdagur	10 Þ	10 F
11 M	11 L	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F Dagur íslenskra barna	11 F	11 M	11 M	11 L
12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 L	12 L	12 Þ	12 F Sjómennadagurinn	12 S
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 S	13 M	13 F	13 M
14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 M	14 M Dagur atvinnuleysis	14 F Skítdagur	14 L	14 Þ
15 S	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 Þ	15 Þ	15 F Félagsdagurinn lengi	15 S	15 M
16 M	16 F Dagur leikskólans náttúru	16 L	16 Þ Dagur leikskólans tungu	16 F	16 S	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F Sumarhátíð
17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 F	17 Þ	17 F Vatnafrí í grunnskólum	17 F	17 S Þakadagur	17 Þ	17 F Lýðveldisdagurinn
18 M	18 L	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F Vatnafrí í grunnskólum	18 F	18 M Annar í þakum	18 M	18 L
19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 L	19 L	19 Þ	19 F Óháðri elstu barna	19 S
20 F	20 Þ	20 M	20 L	20 Þ Dagur margmálinda barna	20 M	20 F	20 S Kínudagur	20 M	20 F Óháðri elstu barna	20 M
21 L	21 F	21 F	21 S	21 Þ	21 F Þorrakaffi	21 M Gólkaffi	21 M Álföldlegi Drottendagurinn	21 F Sumardagurinn fyrsti	21 L	21 Þ
22 S	22 Þ	22 F Vatnafrí í grunnskólum	22 M	22 M	22 L	22 Þ	22 Þ	22 F	22 S	22 M
23 M Skólaveiting í grunnskólum	23 F	23 L Fyrsti vetrardagur	23 Þ	23 F Þorkellmessa	23 S	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F
24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 F Aðfangadagur jóla	24 M	24 F	24 F	24 S	24 Þ	24 F
25 M	25 L	25 M Vatnafrí í grunnskólum	25 F	25 L Jóladagur	25 Þ	25 F	25 F	25 M	25 M Skipulagsdagur 6. kl. 12	25 L
26 F	26 S Evrópuhlífungunardagur	26 Þ Vatnafrí í grunnskólum	26 F Skipulagsdagur	26 S Annar í jólu	26 M	26 L	26 L	26 Þ	26 F Uppátgripardagur	26 S
27 F	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F	27 S	27 S	27 M	27 F Skipulagsdagur	27 M
28 L	28 F	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 M	28 M	28 F	28 L	28 Þ
29 S	29 Þ	29 F	29 M	29 M	29 L	29 Þ	29 Þ	29 F	29 S	29 M
30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 M	30 L	30 M Skipulagsdagur 6. kl. 12:30	30 F
31 Þ		31 S		31 F Gamli dagur	31 M		31 F		31 Þ	

Í reglum um leikskólabjónustu segir:
Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

8 Fylgigögn

8.1 Fylgiskjal - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022

Bakkaborg

Foreldraráð Bakkaborgar hefur lesið yfir starfsáætlun 2020-21. Starfsáætlunin endurspeglar starf liðins veturs vel. Við teljum það merki um viðurkenningu á góðu starfi að kennurum skuli fjölga og teljum það mjög gott að fagfundir fari fram tvisvar í mánuði. Að sama skapi er gott að sjá hve margt starfsfólk sótti fagnámskeið og hyggur á leikskólaliðann, þetta er til marks um að Bakkaborg er góður vinnustaður.

Síðastliðið starfsár hefur reynt á starfsfólk, foreldra og börn. Tíðar breytingar á reglugerðum vegna viðbragða við Covid-19 fylgdu miklar áskoranir fyrir skipulag leikskólastarfs en við teljum að starfsfólk og stjórnendur leikskólans hafi staðið sig einkar vel. Skipulag starfsins var á hverjum tímapunkti eins gott og kostur var miðað við aðstæður og ánægjulegt er að sjá hve vel gekk að fylgja eftir starfsáætlun síðasta árs þrátt fyrir áskoranirnar.

Fróðlegt verður að fylgjast með áhrifum af breytingum sem gerðar hafa verið á tímalínunni í starfi deildanna en við erum sammála um að þetta muni vonandi leiða til dýpra náms á hverju viðfangsefni fyrir sig.

Ánægja ríkir með fækkun leikefna en viljum við benda á að þörf er á viðhaldi á útisvæði þar sem víða er farið að sjá á leiksvæði og tækjum. Í takt við fækkun leikefnis væri gaman að sjá fjölbreytnari starfsaðstöðu innanhúss. Gott er að sjá einföldun skráninga og matsþátta. Við teljum að það geri allt framvindumat einfaldara án þess að skerða gæði starfsins.

Að endingu er verulega jákvætt að sjá ráðningu verkefnastjóra fjölmenningar og áherslu á faglegt starf í þeim efnum. Aðlögun innflytjenda og samfélags er sannarlega gagnkvæmt ferli sem byrjar í leikskóla.

Stjórnendur og starfsfólk Bakkaborgar eiga skilið mikið hrós fyrir vel skipulögð, þétt og fagleg störf á liðnu starfsári sem einkenndist af miklum samfélagslegum breytingum, auknu álagi á störf leikskóla sem og streitu vegna ástandsins. Kunnum við ykkur miklar þakkir fyrir starfsárið sem er að líða og vonum að sumarið og komandi starfsár fari örlítið mildari höndum um okkur.



Foreldraráð leikskólans skipa:

Bergrós Elín Hilmarsdóttir

Jóhanna María Svövudóttir

Jón Blöndal

Margrét Gíslínudóttir



